

Matvælaráðuneytið b.t. Benedikts Árnasonar ráðuneytisstjóra**Borgartúni 26, 105 Reykjavík**

Málsnr. 2310019

Dalabyggð, 3. nóvember 2023

Erindi: Upplýsingar/ábendingar frá Dalabyggð er varða vinnu ráðuneytisstjórahóps vegna fjárhagsstöðu bænda.

- Landbúnaður er stærsta atvinnugreinin í Dalabyggð. Þó er ljóst að fleiri og fleiri bændur þurfa að vinna meðfram hefðbundnum búrekstri til að ná endum saman. Þetta þýðir að þegar 40klst vinnuvíkunni (óháð styttingu vinnuvíku) er lokið utan búsinns bíður annað 100% starf heima fyrir, sem æ oftast er unnið launalaust, því miður.
- Búrekstur er flóknari en mörg önnur atvinnugreinin út frá því að heimili fólks er langoftast samofið fyrirtækjarekstrinum. Við höfum virkilegar áhyggjur af því hvernig okkar fólki reidur af, meiri skuldir þýða meiri vinna, minni tími til að sinna fjölskyldulífi, sjálfsrækt og öllu almennu viðhaldi. Þetta sjáum við svo koma m.a. fram í fjárhagsvanda (greiðsluferfiðleikum sem gjaldþrotum), fjölgun verkefna félagsþjónustunnar, heilsuvanda fólks (bæði andlegum og líkamlegum) og fjölgun barnaverndarmála.
- Það er sammerkt með lánastofnunum að þær segja bændur góða skuldara, þ.e. þeir byrja alltaf á að greiða skuldirnar sínar áður en þeir fara að huga að öðrum eðlilegum útgjöldum líkt og matarinnkaupum. Þá má segja að sumar sparnaðaraðgerðir bænda séu einnig farnar að koma niður á afurðum og afkomu bóva. T.d. dregið úr kaupum á áburði og kjarnfóðri, endurrækt túna skorin niður, viðhald látið sitja eftir o.s.frv.
- Við hvetjum starfshópin til að kynna sér samantekt Byggðastofnunar á stöðu sauðfjárræktar sem gefin var út í maí 2022. Þar kemur m.a. fram að ríflega þriðjungur alls fjár á Vesturlandi er í Dölum. Ef horft er til fjölda bóva með fleira en 300 fjár á hverja 100 íbúa er sauðfjárræktin hlutfallslega mikilvægust í Dalabyggð sbr.fyrirgreinda skýrslu. M.v. stöðu lánasafns Byggðastofnunar 31.3.2022 var heildarstaða lána Byggðastofnunar til sauðfjárræktar rúmum 1,8 ma.kr. og mest af þeim lánum í Dalabyggð.
- Skv. gögnum úr afkomuvöktunarverkefni RML sem sýnir meðalafkomu sauðfjárbóva 2014-2020 á framleitt kg, auk áætlaðrar afkomu fyrir árið 2021, er ljóst að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir er neikvæð frá og með árinu 2018, sem þýðir að meðalbúið stendur ekki undir fjárfestingu, hvort heldur sem er í vélum eða fasteignum, hvað þá heldur vaxtakostnaði eða afborgun af lánum.
- Fjárfestingar bænda sl. misseri eru yfirleitt af nauðsyn. Viljum við m.a. benda hópnum á að kanna möguleikann á að endurskoða kröfur í ákveðnum reglugerðum sem knýja fram dýrar fjárfestingar ella þurfi þeir bændur að hætta. Sem dæmi er sú krafa á mjólkurframleiðendur að öll básafjós landsins verði lögð af fyrir árið 2035. Ef efnahagsástandið væri réttlátt myndu básafjós heyra sögunni til á næstu árum, aðeins vegna þess eins að ekki má byggja ný. Sl. ár hefur hins vegar þrengt verulega að bændum og þeim ýtt út í fjárfestingar sem skv. reglugerðum þola ekki bið, jafnvel þrátt fyrir að bú þeirra skili verulegu magni úrvalsmjólkur og séu undir reglulegu eftirliti þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við ástand eða líðan gripa.
- Þá er verðlagsgrundvöllur mjólkurframleiðslunnar ekki í takt við raunveruleikann líkt og sést m.a. á áætluðum launum og launatengdum kostnaði sem þar er sagður nærri 24,5 milljón á ári meðan niðurstöður rekstrarverkefnis RML sýndu að launakostnaður meðalbús árið 2021 voru aðeins um 11,5 milljónir sem lýsir fjárhagsstöðu rekstaráðila að geta ekki greitt sér eðlileg laun
- Einnig er skekkja í búvörusamningi um starfsskilyrði nautgriparæktar en heildarupphæð nautgripasamnings hefur ekki tekið breytingum og varla að 3. greinin (greiðslumark) hafi tekið breytingum sl. ár þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir mjólkurvörum (2,5% meiri framleiðsla m.v. í fyrra).
- Í grænmetisrækt eru minni framleiðendur skildir eftir, ekki er greitt framlag fyrir ræktun undir einum hektara eða ræktun sem er stunduð skemur en 9 mánuði á ári, óháð hlutdeild viðkomandi framleiðanda í landsframleiðslu ákveðinna afurða. Einnig þarf að huga að úthlutun tollkvóta m.t.t. uppskerutíma grænmetis.
- Bændur selja land sitt í örvæntingu um að standa skil á skuldbindingum og hverjir kaupa, og í hvaða tilgangi? Ólíklegt er að það séu nýliðar í matvælaframleiðslu landsins-má huga að búsetuskyldu eins og þekkest sums staðar erlendis? Bændur eru einfaldlega farnir að **spara sér til skaða** og ítrekum við óskir og vonir um að sú vinna sem nú verður unnin verði ekki endpunktur á viðbrögðum við stöðu bænda heldur upphaf að farsælum lausnum.

F.h. Dalabyggðar

Björn Bjarki Þorsteinsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Garðar Freyr Vilhjálmsson, Jóhanna María Sigmundsdóttir.